

GJALDSKRÁ

vegna lausagöngu búfjár í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Af lausu búfé í Vestmannaeyjabæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði vegna lausagöngu búfjár, sbr. 6. gr. samþykktar um búfjárhald í Vestmannaeyjabæ nr. 245/2015.

2. gr.

Við handsömun eða önnur afskipti af lausagöngubúfé skal innheimta gjald sem hér segir:

- | | |
|------------------------------------------------|------------|
| a) Fyrir hvert dýr | kr. 14.500 |
| b) Vörslugjald fyrir hvern byrjaðan sólarhring | kr. 3.500 |

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 245/2015 til að öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 5. júní 2023.

Brynjar Ólafsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 12. júlí 2023